



Þjóðhagsspá að vetri

Economic forecast, winter

Samantekt

Horfur eru á að hagvöxtur verði 6,2% í ár og 1,8% á næsta ári. Vöxtur einkaneyslu hefur verið kröftugur það sem af er ári og ferðapjónusta vaxið hratt en verðbólga hefur aukist.

Áætlað er að vöxtur einkaneyslu verði 7,6% í ár og 1,7% á næsta ári þegar hægir á eftirspurn. Mikill kraftur var í einkaneyslu á fyrri hluta ársins sem jókst um 9,2% á fyrsta fjórðungi og 13,5% á öðrum fjórðungi. Samhliða þessum mikla vexti hefur sparnaður heimila minnkað en mikill uppsafnaður sparnaður myndaðist í kórónuveirufaraldrinum sem heimilin geta nú nýtt. Samneysla óx um 1,8% á fyrri helmingi ársins. Búið er við að samneysluvöxtur verði hægari seinni hluta ársins og samneysla vaxi um 1,5%. Gert er ráð fyrir að enn hægi á aukningu samneyslu á næsta ári og að hún vaxi um 0,9%. Reiknað er með að vöxtur áranna 2024 og 2025 verði um 1% að jafnaði.

Horfur eru á að fjárfesting aukist um 5,8% í ár. Atvinnuvegafjárfesting dróst saman á öðrum ársfjórðungi vegna samdráttar í skipa- og flugvélafjárfestingu en vöxtur í öðrum liðum var kröftugur. Reiknað er með að atvinnuvegafjárfesting vaxi um 9,6% í ár og að vöxturinn verði á breiðum grunni. Íbúðafjárfesting dróst saman um rúm 7% á fyrri helmingi ársins. Mikill skriður virðist vera á byggingarmarkaði sem sést best í fjölgun starfandi og aukins innflutnings byggingarefna. Búið er við að viðsnúningur verði í íbúðafjárfestingu á seinni hluta ársins og að hún muni vaxa um 5,4%. Í kjölfarið er búið við 12,9% aukningu í íbúðafjárfestingu á næsta ári en að nokkuð hægi á vextinum 2024 og 2025. Fjárfesting hins opinbera jókst um 3,8% á fyrri helmingi ársins. Hins vegar hefur borið á því að þátttaka í útboðum hafi verið dræm eða tilboð ekki staðist væntingar og áætluð verkefni því ekki farið af stað. Í ljósi þess er búið við að 4,8% samdráttur verði á opinberri fjárfestingu í ár. Reiknað er með áframhaldandi samdrætti opinberrar fjárfestingar á næsta ári þegar hún dregst saman um 3,8%.


Gert er ráð fyrir að vöru- og þjónustuútflutningur aukist um 19,1% í ár, einkum vegna mikils vaxtar í ferðapjónustu, en reiknað er með að 1.700 þúsund ferðamenn heimsæki landið. Á næsta ári er gert ráð fyrir að ferðapjónustan nái fyrri styrk en að vöruútflutningur í heild breytist lítið vegna samdráttar í útflutningi sjávarafurða. Horfur eru á að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 3,7% árið 2023.

Verðbólguhorfur hafa versnað en líkur eru á að verðbólga hafi þegar náð hámarki í sumar og er reiknað með að hún verði 8,2% að meðaltali í ár. Á næsta ári er útlit fyrir hóflega hjöðnun verðbólgu þar sem gert er ráð fyrir að alþjóðaverðbólga minnki, hrávöruverð lækki og að verðhækkunarhrinan á húsnæðismarkaði líði hjá. Spáð er að vísitala neysluverðs hækki um 5,6% á næsta ári að meðaltali. Reiknað er með að verðbólga hjaðni árið 2024 og verði 3,5% að meðaltali en nálgist 2,5% verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands eftir það.


Staða á vinnumarkaði hefur batnað mikið síðustu tvö ár. Dregið hefur úr atvinnuleysi á sama tíma og mannfjöldi á vinnufærum aldri hefur aukist. Horfur eru á að atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands verði 3,8% í ár og 3,9% á næsta ári. Samningar á almennum vinnumarkaði eru lausir og opinberir samningar renna flestir út í mars á næsta ári. Töluverð óvissa ríkir um niðurstöður kjarasamninga.

Helstu óvissuþættir í tengslum við spána:

- Stríðsátök í Úkraínu.
- Verðbólguþróun innanlands og erlendis.
- Niðurstöður kjarasamninga.
- Alþjóðlegar efnahagshorfur.



Heimild: Hagstofa Íslands.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Alþjóðleg efnahagsmál

Órói hefur einkennt heimshagkerfið á árinu og óvissa verið mikil. Verðbólga hefur aukist, aðhald í ríkisfjármálum flestra ríkja er meira, ekki sér fyrir endann á stríðinu í Úkraínu og baráttan við kórónuveirufaraldurinn heldur áfram, einkum í Kína. Verðbólga jókst í helstu viðskiptalöndum Íslands fyrri hluta ársins 2021. Verðbólga hefur reynst þrálátari en gert var ráð fyrir vegna kröftugs efnahagsbata, erfiðleika í aðfangakeðjum og hækkandi verðs hrávara. Í september var verðbólga í Evrópusambandinu og á Bretlandi um 10%. Á sama tíma mældist verðbólga 8,2% í Bandaríkjunum og hefur farið lækkanði síðustu mánuði. Til þess að sporna við verðbólgu hafa seðlabankar í flestum ríkjum hækkað stýrivexti hratt. Það sem af er ári hefur Seðlabanki Bandaríkjanna hækkað vexti um 3,75 prósentustig, Englandsbanki um 2,75 prósentustig og Evrópski seðlabankinn um 2 prósentustig en búist er við frekari hækkunum á árinu. Samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að viðskiptavegin verðbólga helstu viðskiptaríkja Íslands verði 7,7% í ár og 5,5% á næsta ári. Gert er ráð fyrir að vaxtahækkunar seðlabanka hafi tilætluð áhrif, það dragi úr verðbólgu næstu ár og hún verði 2,8% árið 2024 og 2,2% árið 2025.

Hagvöxtur í helstu viðskiptaríkjum Íslands reyndist 5,7% á síðasta ári í kjölfar 4,9% samdráttar árið 2020. Nokkuð hefur hægt á vextinum í ár m.a. vegna aukinnar verðbólgu og minni kaupmáttar, hækkandi vaxta og aðhalds í ríkisfjármálum. Reiknað er með að dragi úr hagvexti á næsta ári á meðan seðlabankar ná tökum á verðbólgunni. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lækkaði í október hagvaxtarspá sína frá júní fyrir flest ríki og heimshagkerfið í heild. Búist er við að viðskiptavegin hagvöxtur í helstu viðskiptaríkjum Íslands verði 2,8% í ár og 0,8% á næsta ári en aukist eftir það og verði að jafnaði um 1,8% árin 2024-2025.



Skýringar: Mánaðarlegar tölur, síðasta gildi október 2022.
Heimild: Alþjóðabankinn og Hagstofa Íslands.

Róstur í alþjóðastjórnsmálum, vaxandi líkur á samdrætti í heimshagkerfinu og óvissa með framleiðslu OPEC+-ríkja hafa haft töluverð áhrif á hráolíuverð. Innrás Rússlands í Úkraínu varð til þess að vestræn ríki stefndu að 90% minni kaupum á rússneskri hráolíu fyrir árslok. Samkvæmt Bandarísku upplýsingastofnuninni um orkumál hækkaði verð á Brent-olíu við þetta og minnkaði útflutningur á Brent-olíu til Asíu og því meira til ráðstöfunar í Evrópu. Munur á verði Brent og hinnar bandarísku WTI-olíu (West Texas Intermediate) jókst nógu mikið til þess að auka innflutning WTI-olíu til Evrópu. Í lok júlí og til september lækkaði verð á olíu þegar birgðir jukust í kjölfar minni alþjóðlegra efnahagssumsvifa og aukinnar framleiðslu en framleiðsla í ágúst var sú mesta í einum mánuði frá desember 2019. Í byrjun október samþykktu OPEC+-ríkin að draga úr framleiðslu um tvær milljónir tunna á dag vegna væntinga um lækkun á verði vegna minnkandi efnahagssumsvifa. Verð á hráolíu hækkaði þá en hefur haldist nokkuð stöðugt eftir það.

Miðað við verð í framvirkum samningum er gert ráð fyrir að olíuverð verði að jafnaði 42,1% hærra í ár en í fyrra. Á næsta ári er gert ráð fyrir að olíuverð verði að jafnaði 14,5% lægra en í ár vegna lækkunar á verði olíu og grunnáhrifa vegna hás olíuverðs á fyrri hluta ársins í ár. Verð í framvirkum samningum lækkar út spátímann.

Verð á áli hækkaði mikið í fyrra og á fyrsta fjórðungi þessa árs en lækkaði á öðrum ársfjórðungi. Lækkunin kom í kjölfar meiri aukningar á framleiðslu áls í Kína en gert hafði verið ráð fyrir, minni innflutningi og meiri útflutningi á áli. Í sumar fóru áhyggjur af minni umsvifum í hagkerfum heimsins að hafa áhrif á verð til lækkunar. Í október komu fram hugmyndir í Bandaríkjunum um að setja viðskiptabann á rússneskt ál vegna innrásarinnar í Úkraínu. Fréttirnar komu um leið og LME (London Metal Exchange) settu fram hugmyndir um að banna rússneskt ál í vöruhúsum sínum. Við þessar fréttir hækkaði ál lítillega en bannið hefur þó ekki verið ákveðið.

Miðað við verð í framvirkum samningum er búist við að heimsmarkaðsverð á áli hækki að jafnaði um 18,4% í ár. Á næsta ári er gert ráð fyrir að álverð lækki um 11,4% einkum vegna grunnáhrifa af háu álverði á fyrsta ársfjórðungi í ár. Miðað við framvirk verð er búist við að árin 2024-2025 muni álverð hækka um rúm 4% að jafnaði á ári.

Í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu hækkaði verð annarra hrávara mikið þar sem bæði ríkin eru mikilvægir hrávöruframleiðendur. Úkraína varð innlyksa með sínar hrávörur þegar hafnir þeirra skemmdust í hernaðaráttökum og flutningaleiðir um Svartahaf lokuðust. Í kjölfar samkomulags Úkraínu og Rússlands í júlí um öruggar flutningaleiðir Úkraínu á korni og áburði og samkomulags Sameinuðu þjóðanna og Rússlands um óhindraðan útflutning Rússlands á matvælum, áburði og öðrum hrávörum lækkaði verð annarra hrávara á þriðja ársfjórðungi. Miðað við spár alþjóðlegra greiningaraðila er gert ráð fyrir að verð annarra hrávara hækki að jafnaði um 10,4% í ár en lækki eftir það. Reiknað er með að lækkunin á næsta ári verði 10,8% en að jafnaði um 2,9% árin 2024-2025.

Viðskiptakjör bötnuðu um 3,2% á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að þau haldi áfram að batna í ár einkum vegna mikilla verðhækkana á sjávarafurðum. Reiknað er með að viðskiptakjör versni á næsta ári þegar áætlað er að alþjóðaverð á hrávörum lækki.

Utanríkisviðskipti

Heildarútflutningur vöru og þjónustu á öðrum ársfjórðungi jókst um 22,3% á milli ára eftir 24,5% aukningu á fyrsta ársfjórðungi. Hækkunina má að mestu leyti rekja til 66,4% aukningar í þjónustuútflutningi sem er að mestu vegna fjölgunar erlendra ferðamanna í ár miðað við sama ársfjórðung í fyrra. Vöruútflutningur lækkaði um 2% á öðrum ársfjórðungi miðað við síðasta ár sem má að mestu rekja til minni útflutnings á sjávarafurðum.


Batinn í ferðaþjónustu hefur verið hraðari í ár en spár gerðu ráð fyrir. Töluverð fjölgun var í komum ferðamanna en þeir voru 391 þúsund á öðrum ársfjórðungi samanborið við 63 þúsund á sama tímabili árið áður. Fjöldi ferðamanna á öðrum ársfjórðungi var um 90% af fjöldanum á sama ársfjórðungi árið 2019. Ferðamönnum fjölgaði um 77% frá fyrra ári á þriðja ársfjórðungi en fjöldinn á ársfjórðungnum var 98% af þeim fjölda sem kom á sama tíma árið 2019. Gert er ráð fyrir að um 1.700 þúsund ferðamenn komi til landsins í ár, eða um 86% af fjöldanum árið 2019, og tæplega 1.950 þúsund á næsta ári. Eyðsla á ferðamann reiknuð á föstu gengi var um 17% hærra á fyrstu þremur ársfjórðungum samanborið við árið 2019 en áætlað er að eyðsla á mann færast eftir það nær fyrra horfi. Fjöldi gistinátta á hvern ferðamann fyrstu þrjá ársfjórðunga var einnig hærra en á sama tímabili 2019.

Vöruútflutningur dróst saman um 2% á öðrum ársfjórðungi sem má að hluta til rekja til minni útflutnings á sjávarafurðum en á sama ársfjórðungi í fyrra. Gert er ráð fyrir að vöruútflutningur aukist á árinu í heild. Loðnuvertíð var stór í sögulegu samhengi þó ekki hafi náðst að veiða allan kvótann en á móti kemur að aflaheimildir á botnfiski drógust saman á milli ára. Útflutningur á áli á öðrum ársfjórðungi jókst lítillega á milli ára eða um 2,7% og gert er ráð fyrir aukningu á árinu í heild.

Hægt hefur á vexti útflutts eldisfisks eftir mikinn vöxt síðustu ára en það má m.a. rekja til sýkinga sem komu upp í eldiskvíum, fyrst í lok síðasta árs og aftur á vormánuðum í ár.

Vöru- og þjónustuinnflutningur jókst um 17,6% á öðrum ársfjórðungi. Vöruinnflutningur dróst saman um 2,7% en þjónustuinnflutningur jókst um tæplega 80% sem má að mestu leyti rekja til aukinna ferðalaga Íslendinga. Gert er ráð fyrir að vöru- og þjónustuútflutningur aukist um 19,1% í ár, einkum vegna mikils vaxtar í ferðaþjónustu. Á næsta ári er gert ráð fyrir að ferðaþjónustan nái fyrri styrk en að vöruútflutningur í heild breytist lítið vegna samdráttar í útflutningi sjávarafurða. Horfur eru á að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 3,7% árið 2023.

Gert er ráð fyrir að vöru- og þjónustujöfnuður verði neikvæður í ár eða um 1,2% af landsframleiðslu og 1,4% á því næsta en að hann minnki eftir því sem líður á spátímann og verði jákvæður í lok hans.





Þjóðarútgjöld

Einkaneysla

Áætlað er að vöxtur einkaneyslu verði 7,6% í ár og 1,7% á næsta ári þegar hægir á eftirspurn. Mikill kraftur var í einkaneyslu á fyrri hluta ársins sem jókst um 9,2% á fyrsta fjórðungi og 13,5% á öðrum fjórðungi. Samhliða þessum mikla vexti hefur sparnaður heimila minnkað en mikill uppsafnaður sparnaður myndaðist í faraldrinum sem heimilin geta nú nýtt.

Kortavelta gefur til kynna að einkaneysla verði áfram kröftug á þriðja fjórðungi ársins. Vöxturinn er drifinn áfram af aukinni veltu erlendis en utanlandsferðum Íslendinga hefur fjölgað mikið í ár. Íslendingar fóru í 441 þúsund ferðir erlendis fyrstu 9 mánuði ársins samanborið við 113 þúsund árið 2021 og kortavelta erlendis jókst um 75% á sama tímabili. Hluttur erlendar kortaveltu í heildarveltu er nú orðinn svipaður og fyrir faraldurinn. Mikil aukning var í nýskráningum bifreiða á fyrri hluta ársins en þeim fjölgaði um tæplega 60% miðað við sama tímabil árið 2021. Viðsnúningur varð á þriðja fjórðungi þegar nýskráningum fækkaði um 4% sem vegur upp á móti mikilli kortaveltu í aukningu einkaneyslu á fjórðungnum. Gert er ráð fyrir minni vexti einkaneyslu á síðasta fjórðungi ársins vegna hærra verðlags og miklum vexti á sama tíma árið 2021.




Skýringar: Innland kortavelta verðlagsleiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Kortavelta erlendis verðlagsleiðrétt með gengisvísitölu og verðbólgu viðskiptalanda.
Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og OECD.

Væntingar heimila um efnahagsaðstæður til næstu sex mánaða hafa versnað síðastliðið ár skv. væntingavísitölu Gallup eftir að hafa náð hámarki í september á síðasta ári. Mælast nú fleiri neikvæðir en jákvæðir. Væntingarnar versnuðu í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og hafa síðan haldið áfram að versna samhliða verri verðbólguhorfum og versnandi efnahagsaðstæðum ytra.

Áætlað er að ferðamönnum fjölgi og vinnumagn í ferðaþjónustu aukist næstu ár sem styður við vöxt einkaneyslu. Aukin verðbólga og hærra vaxtastig dregur hins vegar úr kaupmætti. Fjárhagsleg staða heimila er almennt sterk og skuldsetning er sögulega lág¹ en viðbúið er að greiðslubyrði aukist með meiri verðbólgu og hærra vaxtastigi. Heimilin eru almennt talin vel í stakk búin til að mæta þessum breytingum.

Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um 2,2% árið 2024 og um 2,5% að meðaltali út spátímabilið. Áætlað er að hlutur einkaneyslu í landsframleiðslu verði 52% í ár og að meðaltali um 52,3% á spátímabilinu.



Heimild: Hagstofa Íslands.

¹ Úr riti Fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands 2022/2.


Samneysla og opinber fjármál

Afkoma hins opinbera var neikvæð um 258 milljarða króna í fyrra eða um 7,9% af vergri landsframleiðslu ársins en til samanburðar var hallinn um 8,9% árið 2020. Tekjur hins opinbera jukust um 9% að nafnvirði í fyrra en útgjöld um 7,2%. Rúmlega 232 milljarða halli varð á rekstri ríkissjóðs í fyrra, en tekjur hans jukust um 9,6% að nafnvirði á sama tíma og útgjöld jukust um 6,3%. Hallinn á rekstri sveitarfélaga nam rúmlega 35 milljörðum í fyrra en útgjöld þeirra uxu hraðar en tekjur eða um 8,4% að nafnvirði samanborið við 6,9% vöxt tekna. Rúmlega 9 milljarða króna afgangur varð af rekstri almannatrygginga en þær eru fjármagnaðar með tilfærslum úr ríkissjóði.

Samkvæmt bráðarbirgðaniðurstöðum var afkoma hins opinbera neikvæð um rúmlega 111 milljarða króna á fyrri helmingi ársins sem er um 25 milljörðum betri afkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur hins opinbera hafa á tímabilinu vaxið um 17,3% borið saman við fyrra ár en útgjöld um 11,1%. Tekjur ríkissjóðs hafa vaxið um 20% á fyrstu sex mánuðum ársins. Þar munar mikið um arðgreiðslur fjármálaafyrirtækja í eigu ríkisins sem jukust um 20 milljarða á milli ára og voru tæplega 28 milljarðar í ár. Þá hafa skatttekjur vaxið nokkuð eða um tæp 11% og tekjur vegna tryggingargjalds um 13%. Útgjöld ríkissjóðs hafa á sama tíma aukist um 11,8%. Mest jukust vaxtagjöld ríkissjóðs, úr rúmum 54 milljörðum á fyrri helmingi síðasta árs í 120 milljarða í ár.

Í fyrra jukust samneysluútgjöld hins opinbera um 2,2% að raunvirði. Þar munar mest um 5% raunvöxt kaupa á vörum og þjónustu að frádreginni sölu á vörum og þjónustu. Launakostnaður hins opinbera jókst um 1% að raunvirði í fyrra en afskriftir drógust saman um 0,7%. Hluttur samneyslu í vergri landsframleiðslu jókst mikið árið 2020 í kjölfar viðbragða stjórnvalda við kórónuveirufaraldrinum samhliða samdrætti í vergri landsframleiðslu. Hlutfallið hélst hátt í fyrra í sögulegu samhengi, 27,5% sem er yfir 24,5% meðaltali síðustu 20 ára.

Samneysla óx um 1,8% á fyrri helmingi ársins. Búist er við að samneysluvöxtur verði hægari seinni hluta ársins og samneysla vaxi um 1,5% samanborið við árið 2021. Fjárlagafrumvarp ársins 2023 gerir ráð fyrir að enn hægi á vexti samneyslu á næsta ári og er reiknað með að vöxturinn verði 0,9%. Árin 2024-2025 er búist við að vöxtur samneyslu verði að jafnaði rúmlega 1% á ári. Hluttur samneyslu í vergri landsframleiðslu lækkar í ár og næstu ár þar sem reiknað er með hægari vexti samneyslu en vexti vergrar landsframleiðslu. Í ár er búist við því að hlutturinn verði 26,4% og lækki enn frekar á spátímanum.




Fjárfesting

Atvinnuvegafjárfesting

Á öðrum ársfjórðungi dróst atvinnuvegafjárfesting saman um 6,1%. Samdrátturinn er vegna tæplega 30 milljarða fjárfestingar í skipum og flugvélum á síðasta ári en sá flokkur er mjög breytilegur á milli ára. Ef horft er fram hjá fjárfestingu í skipum og flugvélum var talsverður undirliggjandi vöxtur. Fjárfesting í stóriðju og tengdum greinum jókst um 21,6% á ársfjórðungnum en fjárfesting í flokknum hefur minnkað síðustu 5 ár. Viðsnúninginn má meðal annars rekja til verkefna í orkugeira til þess að auka orkuöflun með bættri nýtingu og í stóriðju eru framkvæmdir sem ætlað er að auka virði framleiðslunnar hér á landi. Almenn atvinnuvegafjárfesting, þ.e. atvinnuvegafjárfesting án skipa, flugvéla, stóriðju og tengdra greina, jókst um 21,6% á öðrum ársfjórðungi. Almenn atvinnuvegafjárfesting tók að aukast á ný árið 2021 eftir samdrátt árin á undan. Minni óvissa vegna kórónuveirufaraldursins og afleiðinga hans, bætt vaxtaumhverfi og efnahagsbati hafa ýtt undir atvinnuvegafjárfestingu og hefur ársvöxtur verið jákvæður frá fjórða ársfjórðungi 2020.

Horfur í atvinnuvegafjárfestingu hafa batnað. Vöxtur almennrar atvinnuvegafjárfestingar á fyrri hluta ársins var öflugur og horfur eru á aukningu í fjárfestingu í orku- og stóriðjugeiranum. Innflutningur fjárfestingavara hefur verið kröftugur á árinu, ný útlán til fyrirtækja hafa aukist þrátt fyrir stýrivaxtahækkanir og er fjárhagsstaða fyrirtækja sterk í sögulegu samhengi. Þá gefa kannanir til kynna að áfram verði kraftur í eftirspurn eftir lánsfé hjá fyrirtækjum næstu misseri.¹ Reiknað er með að atvinnuvegafjárfesting aukist um 9,6% í ár. Á næsta ári er reiknað með 1,1% samdrætti fjárfestingar en þar dregur samdráttur í fjárfestingu skipa og flugvéla heildina niður en án þeirra er reiknað með um 7% aukningu á milli ára. Árið 2023 er gert ráð fyrir 4,1% vexti.

Áætlað er að hlutur atvinnuvegafjárfestingar í vergri landsframleiðslu verði 12,7% í ár og 12,8% árið 2023 sem er lítillega yfir meðaltali síðustu tíu ára og er reiknað með að hlutfallið verði yfir meðaltalinu út spátímann. Áætlað er að hlutur heildarfjármunamyndunar í vergri landsframleiðslu verði 22,8% í ár og 22,6% árið 2023 en meðaltal síðustu tíu ára er um 19%. Hærra hlutfall má meðal annars rekja til aukinnar fjárfestingar í íbúðahúsnæði síðustu ár.




¹ Úr riti Fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands 2022/2.

Íbúðafjárfesting og íbúðamarkaður

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 5,2% árið 2021 í kjölfar gríðarlegrar aukningar síðustu fimm ára. Byggingum á fyrri byggingarstigum fækkaði áfram frá árinu á undan. Samdráttur var í fjölda fullbúinna íbúða borið saman við árið 2020 þrátt fyrir að lokið hafi verið við rúmlega 3.000 íbúðir í fyrra.

Á fyrri helmingi ársins var rúmlega 7% samdráttur í íbúðafjárfestingu samkvæmt þjóðhagsreikningum. Mikill skriður er á byggingarmarkaði sama hvaða mælikvarða er miðað við. Rúmlega 10% fleiri voru að jafnaði starfandi í byggingariðnaði á fyrstu átta mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra. Innflutningur á sementi jókst um 18,7% og steypustyrktarjárn um tæp 114%. Samkvæmt talningu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar (HMS) og Samtaka iðnaðarins (SI), sem náði frá miðjum ágúst til byrjunar september, voru framkvæmdir hafnar við um 8.113 íbúðir sem er rúmlega 35% aukning frá sama tíma í fyrra. Samkvæmt spá HMS og SI er búist við að fullbúnum íbúðum fjölgi um tæplega 3.100 í ár sem er lítilsháttar samdráttur frá síðasta ári. Spáin gerir ráð fyrir að fullbúnum íbúðum fjölgi um rúmlega 1.200 síðustu mánuði ársins. Vegna mikils fjölda fullbúinna íbúða síðustu mánuði ársins og mikils fjölda í byggingu er gert ráð fyrir að viðsnúningur verði í íbúðafjárfestingu á seinni hluta ársins og að vöxtur ársins verði 5,4%. Í kjölfarið er búist við að 12,9% aukning verði í íbúðafjárfestingu næsta ár en að nokkuð hægi á vextinum árin 2024-2025.



Heimild: Hagstofa Íslands.


Umsvif á fasteignamarkaði hafa dregist saman eftir miklar verðhækkanir síðastliðin tvö ár. Samkvæmt mánaðarskýrslu HMS í október hefur framboð íbúða nær þrefaldast á átta mánuðum og voru um 1.300 íbúðir til sölu á höfuðborgarsvæðinu samanborið við tæplega 450 íbúðir í febrúar þegar framboðið var sem minnst. Þá hefur dregið úr hlutfalli íbúða sem seljast yfir ásettu verði og meðalsölutími íbúða lengst lítillega. Sé horft til húsnæðisverðsvísitölu Hagstofu Íslands, sem mælir húsnæðisverð á landinu öllu, sést að dregið hefur úr tólf mánaða hækkun vísitölunnar. Í núverandi hækkunarhrinu var hámarki náð í júlí þegar að tólf mánaða verðbreyting á húsnæði var tæp 25% en í október var hækkunin 21,6%.

Fjárfesting hins opinbera

Fjárfesting hins opinbera jókst um 18,7% í fyrra samkvæmt þjóðhagsreikningum eftir samdrátt árin 2019 og 2020. Kom vöxturinn meðal annars í kjölfar fjárfestingaráttaks stjórnvalda sem náði yfir árin 2020-2025 til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum heimsfaraldursins. Samhliða vextinum jókst opinber fjárfesting sem hluti af landsframléiðslu og var 4,2% í fyrra og hefur hlutfallið ekki vera hærra frá árinu 2008.


Á fyrri hluta ársins jókst fjárfesting hins opinbera um 3,8% miðað við sama tímabil í fyrra. Búist er við að viðsnúningur verði á síðari hluta ársins og að opinber fjárfesting dragist saman. Samhliða árshlutareikningi á fyrri hluta árs tilkynnti Reykjavíkurborg að fjárfestingaráætlun borgarinnar hefði verið lækkuð um 7,5 milljarða frá upprunalegri áætlun. Ástæðuna segir borgin vera að vegna þenslu í hagkerfinu hafi þátttaka í útboðum verið dræm eða tilboð langt frá kostnaðaráætlunum og ekki staðist væntingar auk þess sem eitthvað hafi verið um ófyrirséðar seinkanir. Fjárfestingar ríkissjóðs hefðu verið undir áætlun fjárlaga ársins 2022 ef ekki hefðu komið til kaup ríkisins á Norðurhúsi við Austurbakka af Landsbankanum en gert er ráð fyrir að eignfærsla hússins verði í ár. Kaupverð hússins er um sex milljarðar króna og greitt með andvirði sérstakrar viðbótaraðgreiðslu frá bankanum. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 4,8% í ár.

Samhliða hröðum efnahagsbata í ár hefur verðbólga aukist. Ríkisstjórnin réðst í aðgerðir til þess að draga úr þenslu með breytingum í annarri umræðu um fjármálaáætlun 2023-2027. Í þeim aðgerðum var fjárfestingarverkefnum frestað þar sem líklega verður unnt að afla hagstæðari tilboða þegar dregið hefur úr umsvifum á byggingarmarkaði. Reiknað er með áframhaldandi samdrætti næstu ár, 3,8% árið 2023 og 0,4% árið 2024. Árið 2025 er búist við að opinber fjárfesting taki við sér og vaxi um 3,4%.



Vinnumarkaður og laun


Staða á vinnumarkaði hefur batnað mikið síðustu tvö ár. Dregið hefur úr atvinnuleysi á sama tíma og mannfjöldi á vinnufærum aldri hefur aukist. Starfandi samkvæmt staðgreiðsluskrám fjölgaði um 7,6% fyrstu átta mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Horfur eru á að atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands (VMR) verði 3,8% í ár. Gert er ráð fyrir að staða á vinnumarkaði verði áfram sterk á næsta ári samhliða auknum fjölda ferðamanna og atvinnuleysi verði 3,9% að meðaltali.



Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

Atvinnuleysi hefur dregist mikið saman á síðustu tveimur árum. Meðalatvinnuleysi var 3,9% á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 6,5% á sama tímabili árið 2021. Atvinnupátttaka hefur einnig aukist eftir að hafa verið í sögulegu lágmarki árið 2020 eða 77,4%. Horfur eru á að atvinnupátttaka verði um 80% að meðaltali á árinu sem er nálægt langtíameðaltali. Dregið hefur úr skráðu atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun í ár. Skráð atvinnuleysi var 2,8% í september samanborið við 5% í sama mánuði 2021. Fjöldi atvinnulausra var að meðaltali 5.409 í mánuðinum og hafa ekki jafn fáir verið á skrá frá janúar 2019. Mest voru rúmlega 34 þúsund skráðir atvinnulausir eða í minnkuðu starfshlutfalli í apríl 2020.


Launavísitalan á síðasta ári hækkaði að meðaltali 3,7% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Í ár eru horfur á að launavísitalan haldi ekki í við verðbólgu, sem áætlað er að nemi 8,2% að meðaltali, og að raunlaun dragist lítillega saman eða um 0,4%. Gert er ráð fyrir að raunlaun verði aftur jákvæð á næsta ári og vaxi um 0,3%. Horfur eru á að landsframléiðsla á mann verði nægilega mikil í ár til þess að virkja hagvaxtarákvæði í kjarasamningum sem kemur til greiðslu í maí á næsta ári. Mikil óvissa er um launaþróun næstu ár. Lífskjarasamningurinn á almenna vinnumarkaðnum rann út í október á þessu ári og opinberir samningar renna flestir út í mars á næsta ári.




Verðbólga, gengi og stýrivextir

Verðbólga hefur aukist umtalsvert síðustu misseri og hækkaði vísitala neysluverðs um 9,7% á þriðja ársfjórðungi. Tólf mánaða hækkun náði hámarki í 9,9% í júlí en var orðin í 9,4% í október. Margir þættir útskýra aukna verðbólgu. Verðbólga í helstu viðskipalöndum hefur aukist mikið á árinu sem ásamt verðhækkunum á hrávörum hefur aukið aðfangakostnað. Spenna á vinnumarkaði hefur einnig sett þrýsting á launakostnað. Helstu orsökina er þó að finna í hækkun á húsnæðislið vísitölu neysluverðs en á þriðja ársfjórðungi mátti rekja ríflega 40% af hækkun vísitölnunnar til verðbreytinga á húsnæði.

Á þriðja ársfjórðungi hækkuðu innfluttar vörur um 6,6% frá fyrra ári, þar af hækkaði verð á bensíni um 34,7%. Gengi krónunnar hefur styrkst á árinu sem dregur úr kostnaðarþrýstingi á innfluttar vörur. Verð á innlendum vörum hefur einnig hækkað en verð á búvörum og grænmeti hækkaði um 10,5% á þriðja ársfjórðungi og aðrar innlendar vörur um 7,4%. Þá hefur verð á þjónustu einnig hækkað nokkuð. Verð á opinberri þjónustu hækkaði um 6% á þriðja ársfjórðungi en önnur þjónusta um 7,6%. Verðbreytingar á annarri þjónustu hafa dregið úr hækkunum vísitölu neysluverðs undanfarin ár, m.a. vegna lækkandi verðs á farsíma- og netnotkun. Verð á öðrum þjónustuliðum hefur hins vegar hækkað talsvert að undanfögnu og má þar nefna verð á flugi, sem hækkaði um 32,5% á þriðja ársfjórðungi, og verð á gistingu sem hækkaði um 15,6%. Hækkun á verði olíu á stóran þátt í hækkun á flugfargjöldum en breytingar á báðum liðum endurspegla að hluta hraðan bata í ferðaþjónustu á árinu. Verðbreytingar á húsnæðismarkaði hafa átt stærstan þátt í aukinni verðbólgu á árinu. Á þriðja ársfjórðungi hækkaði húsnæðisliður um 18,3% frá fyrra ári og hækkaði vísitala neysluverðs án húsnæðis um 7,2% á sama tíma.



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.



Þó verðbólga hafi aukist á Íslandi hefur verðbólga í nágrannaríkjum einnig verið mikil. Ef notast er við samræmda vísitölu neysluverðs, sem reiknuð er fyrir ríki Evrópska efnahagssvæðisins, hækkaði vísitalan um 5,6% frá fyrra ári í september samanborið við 10,9% hækkun í ESB-ríkjum. Muninn má að stórum hluta skýra með miklum hækkunum á kostnaði við rafmagnsnotkun og húshitun í Evrópu vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Á Íslandi hækkaði verð á húsaleigu, hita og rafmagni um 6,7% á milli ára í september en að jafnaði um 22,3% í ESB-ríkjunum.

Verðbólguhorfur hafa versnað frá síðustu útgáfu þjóðhagsspár og voru verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja á þriðja ársfjórðungi á þann veg að verðbólga hjaðni á næstu árum en verði áfram umtalsverð og yfir verðbólguþröng Seðlabanka Íslands. Verðbólguálag á skuldabréfamörkuðum segir svipaða sögu en á þriðja ársfjórðungi lækkaði álagið til næstu ára lítillega miðað við ársfjórðunginn á undan¹.

Líkur eru á að verðbólga hafi náð hámarki í sumar og verði 8,2% að meðaltali í ár. Á næsta ári er útlit fyrir hóflega hjöðnun verðbólgu þar sem gert er ráð fyrir að alþjóðaverðbólga minnki, hrávöruverð lækki og að verðhækkunarhrinin á húsnæðismarkaði líði hjá. Gert er ráð fyrir því að vísitala neysluverðs hækki um 5,6% á næsta ári að meðaltali. Reiknað er með að verðbólga hjaðni árið 2024 og verði 3,5% að meðaltali en nálgist 2,5% verðbólguþröng Seðlabanka Íslands eftir það.

Gengi krónunnar hefur haldist nokkuð stöðugt það sem af er ári. Á þriðja ársfjórðungi styrktist gengi krónunnar um 3,1% að meðaltali á milli ára. Gengi einstakra gjaldmiðla innan gengisvísitölunnar hefur hins vegar breyst talsvert á árinu. Eftir snarpar stýrivaxtahækkunar vestanhafs á árinu hefur Bandaríkjadollar styrkst gagnvart flestum gjaldmiðlum, þar á meðal krónunni, en á þriðja ársfjórðungi hafði dollarinn styrkst um 10% gagnvart henni. Hins vegar hefur gengi evru veikst á árinu og á þriðja ársfjórðungi hafði hún veikst um 6% gagnvart krónunni. Gert er ráð fyrir að gengi krónunnar styrkist um rúmlega 4% í ár og lítillega á næsta ári en haldist stöðugt eftir það.

Peningastefnufnd Seðlabanka Íslands hefur hækkað stýrivexti um 3,75 prósentur það sem af er ári. Nefndin hækkaði stýrivexti um 75 punkta í febrúar, 100 punkta í maí og júní, 75 punkta í ágúst og 25 punkta í október. Mikil hækkun stýrivaxta voru viðbragð við aukinni verðbólgu sem var á breiðum grunni, miklum verðhækkunum á húsnæðismarkaði, versnandi verðbólguvæntingum og auknum efnahagsumsvifum. Við síðustu vaxtaákvörðun í október var hægt á umfangi vaxtahækkana en í yfirlýsingu nefndarinnar var bent á það að verðbólga hjaðni lítillega og vísbendingar um að dregið hefði úr verðbólguvæntingum auk þess sem efnahagshorfur á alþjóðavísu hefðu versnað.

¹ Úr riti Fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands 2022/2.

English summary

Economic growth is projected to be 6.2% for this year and 1.8% next year. Private consumption growth has been strong so far this year and tourism has grown rapidly, but inflation has increased.

Private consumption is forecast to grow by 7.6% this year and 1.7% next year as the economy slows down. Private consumption growth was very strong in the first half of the year, increasing by 9.2% in the first quarter and 13.5% in the second quarter. Public consumption grew by 1.8% in the first half of the year. Public consumption growth is expected to be slower in the second half of the year and is projected to grow by 1.5%. Public consumption growth is expected to slow down further next year and grow by 0.9%.

The outlook for investment has improved and is projected to increase by 5.8% this year. Broad based growth is expected in business investment, which is projected to grow by 9.6% this year. Housing investment decreased by over 7% in the first half of the year. A turnaround is anticipated in residential investment in the second half of the year, which is projected to grow by 5.4%. A 12.9% increase in residential investment is expected next year. Public sector investment increased by 3.8% in the first half of the year but overall it is expected to decrease by 4.8% this year. A continued decline in public investment is planned next year, when it will decrease by 3.8%.

Exports of goods and services are forecast to increase by 19.1% this year, mainly due to a strong rebound in tourism. Next year, the tourism industry is assumed to reach its pre-Covid strength. Exports of goods will be affected by a projected decline in the export of marine products. Exports of goods and services are projected to increase by 3.7% in 2023.

The inflation outlook has worsened, but it is likely that inflation has already reached its peak this summer, and it is projected to reach 8.2% on average this year. Moderate slowdown in inflation is expected next year, as international inflation is expected to subside, commodity prices to decrease and the housing market to slow down. The consumer price index is projected to increase by 5.6% next year on average.

The labour market has improved significantly in the last two years. Unemployment has decreased at the same time as the working-age population has increased. Surveyed unemployment is projected to be 3.8% this year and 3.9% next year. Contracts in the general labour market are free, and most public contracts expire in March next year. There is considerable uncertainty about the results of collective agreements in the labour market.

Tafla 1. Landsframleiðsla 2021–2028
Table 1. Gross domestic product 2021–2028

	Framreikningur Extrapolation							
Magnbreyting frá fyrra ári (%) Volume growth from previous year (%)	2021 ¹	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	7,7	7,6	1,7	2,2	2,6	2,6	2,4	2,5
Samneysla <i>Government final consumption</i>	2,2	1,5	0,9	1,3	0,8	0,7	0,9	0,9
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	12,3	5,8	1,8	3,7	2,0	2,2	1,4	2,5
Atvinnuvegafjárfesting <i>Business investment</i>	19,1	9,6	-1,1	4,1	0,7	2,2	1,0	3,2
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Housing investment</i>	-5,2	5,4	12,9	5,3	3,9	3,5	3,1	3,0
Fjárfesting hins opinbera <i>Public investment</i>	18,7	-4,8	-3,8	-0,4	3,4	0,0	-0,8	-0,7
Þjóðarútgjöld alls <i>National final expenditure</i>	7,1	5,6	1,6	2,3	2,0	2,0	1,8	2,1
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	12,7	19,1	3,7	3,6	3,2	3,0	2,5	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Import of goods and services</i>	20,3	16,9	3,2	3,2	2,1	2,3	1,9	2,1
Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i>	4,4	6,2	1,8	2,5	2,5	2,4	2,1	2,3
Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF) <i>Goods and services balance (% of GDP)</i>	-1,8	-1,2	-1,4	-1,1	-0,4	0,1	0,4	0,7
Viðskiptajöfnuður (% af VLF) <i>Current account balance (% of GDP)</i>	-1,6	-2,7	-2,3	-1,9	-1,3	-0,9	-0,6	-0,3
VLF á verðlagi hvers árs, ma. kr. <i>Nominal GDP, billion ISK</i>	3.251	3.705	3.955	4.203	4.437	4.670	4.895	5.146
Vísitala neysluverðs <i>Consumer price index</i>	4,4	8,2	5,6	3,5	2,6	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala <i>Exchange rate index</i>	-2,4	-3,9	-0,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Raungengi <i>Real exchange rate</i>	3,9	6,2	-0,9	0,7	0,4	0,5	0,5	0,6
Atvinnuleysi (% af vinnuafli) <i>Unemployment rate (% of labour force)</i>	6,0	3,8	3,9	4,0	4,0	4,0	4,0	3,9
Vísitala kaupmáttar launa <i>Real wage rate index</i>	3,7	-0,4	0,3	0,7	1,5	1,7	1,7	1,6
Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum <i>GDP growth in main trading partners</i>	5,7	2,8	0,8	1,6	1,9	1,8	1,6	1,6
Alþjóðleg verðbólga <i>World CPI inflation</i>	2,8	7,7	5,5	2,8	2,2	2,0	1,9	1,9
Verð útflutts áls <i>Export price of aluminum</i>	44,0	18,4	-11,4	4,2	4,3	4,2	4,1	2,1
Olíuverð <i>Oil price</i>	63,7	42,1	-14,5	-8,6	-5,6	-3,8	-2,9	-2,3

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

FIGURE 1
Economic growth, national expenditure and balance of trade




FIGURE 2
Contribution to growth




FIGURE 3
World commodity prices
Index (2006=100)




FIGURE 4
Imports & exports
Annual change




FIGURE 5
Private consumption & total payment card turnover
Annual change




FIGURE 6
Payment card turnover
Annual change




FIGURE 7
Private consumption
Annual change




FIGURE 8
Public consumption




FIGURE 9

Gross fixed capital formation and contribution of components

Annual change




FIGURE 10

Residential construction




FIGURE 11

Public investment




FIGURE 12

Unemployment




FIGURE 13

Wage index

Annual change



FIGURE 14

CPI contribution of components





FIGURE 15

Narrow TWI, USD and EUR

Annual change



Hagtíðindi Þjóðhagsspá

Statistical Series *Economic forecast*

107 árg. ♦ 7. tbl. 11. nóvember 2022

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Marínó Melsted ♦ marino.melsted@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.